

Ed.

192. Frumvarp til laga

[182. mál]

um breytingu á lögum nr. 35 frá 26. maí 1975, um Leiklistarskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

4. gr. laganna orðast þannig:

Skólanefnd er til ráðuneytis skólastjóra um málefni skólans. Menntamálaráðherra skipar skólanefndina sem í eiga sæti 13 fulltrúar. Ráðherra skipar einn nefndarmann án tilnefningar og er hann formaður. Aðrir nefndarmenn eru skipaðir samkvæmt tilnefningu eftirtalinnna aðila: Þjóðleikhússráðs, leikhússráðs Leikfélags Reykjavíkur, Leikfélags Akureyrar, Bandalags íslenskra leikfélaga, hljóðvarpsdeildar Ríkisútvarpsins, sjónvarpsdeildar Ríkisútvarpsins, Félags íslenskra leikara, Félags leikstjóra á Íslandi, Sambands íslenskra kvikmyndagerðarmanna, Félags kvikmyndagerðarmanna, kennara Leiklistarskóla Íslands, nemenda Leiklistarskóla Íslands. Nefndarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn nema fulltrúar nemenda og kennara sem skipaðir eru til eins árs hverju sinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangurinn með lagafrumvarpi þessu er að heimila fulltrúum kvikmyndagerðarmanna setu í skólanefnd Leiklistarskóla Íslands og auka þannig bein áhrif kvikmyndagerðarlistar á námstílhögum og menntun leiklistarnema.

Á undanförunum árum hefur mikil gróska verið í íslenskri kvikmyndagerð og má gera ráð fyrir að mörg atvinnutækifæri skapist á komandi árum fyrir leikara við kvikmyndaleik. Öll rök mæla því með því að kvikmyndagerð í landinu eigi fulltrúa í skólanefnd hins ríkisrekna leiklistarskóla til jafns við aðrar menningarstofnanir sem leikarar sækja vinnu sína til að loknu námi. Það er því í samræmi við þróun í menningarmálum hér á landi að fulltrúar kvikmyndagerðar axli hluta þeirrar ábyrgðar sem menntun leikara fylgir þannig að menntun þeirra nýtist sem best. Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda og Félag kvikmynda-gerðarmanna eru einu félög þeirra sem vinna að gerð kvikmynda hér á landi. Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda eru einu samtökin sem hafa það beinlínis á stefnuskrá sinni að sinna gerð leikinna kvikmynda og þykir því eðlilegt að þessi samtök tilnefni aðila til setu í skólanefnd Leiklistarskóla Íslands og séu með því sett á bekk með leikhúsum og Ríkisútvarpinu við stjórn skólans. Félag kvikmyndagerðarmanna er fagfélag þeirra sem vinna við skapandi störf við kvikmyndagerð, svo sem kvikmyndatökumenn, tónsetningarmenn, klipparar, kvikmyndastjórar, handritshöfundar, framkvæmdastjórar, leikmynda-gerðarmenn o.s.frv. Er æskilegt að fulltrúi Félags kvikmyndagerðarmanna sé vel menntaður kvikmyndagerðarmaður á sínu sviði og hafi reynslu af gerð leikinna kvikmynda.

Í lagafrumvarpi þessu felst einnig sú breyting að fulltrúi sjónvarpsdeildar Ríkisútvarpsins skal eiga aðild að skólanefnd Leiklistarskóla Íslands. Þykir eðlilegt að fulltrúi sjónvarpsins eigi sæti í nefndinni þar sem bæði hljóðvarpi og sjónvarpi Ríkisútvarpsins er gert það að skyldu í lögum um Leiklistarskóla Íslands að veita skólanum aðstoð í starfi hans eftir því sem um semst milli aðila hverju sinni og við verður komið, sbr. 5. gr. laga nr. 37/1975, um Leiklistarskóla Íslands. Þykir því eðlilegt að sjónvarpsdeild Ríkisútvarpsins hafi til jafns við hljóðvarpsdeild Ríkisútvarpsins áhrif á það hvernig námi leiklistarnema er háttað.

Þá gerir lagafrumvarp þetta ráð fyrir því að fulltrúi Félags íslenskra leikstjóra eigi sæti í skólanefnd þar sem miklu skiptir fyrir þá starfsstétt hvernig tekst til með menntun leiklistarnema.